# Kennsluáætlun fyrir haustönn 2022

**Námsgrein: Samfélagsfræði** **Árgangur: 3. og 4. bekkur**

**Kennari: Unnur Magnúsdóttir** **Netfang: unnurm@klaustur.is**

**Almennt:**

Samfélagsgreinar fjalla um samfélög og menningu á upplýsandi og gagnrýninn hátt. Það er skylda allra samfélaga að fræða nemendur um gildi, jafnrétti, lýðræði, umhyggju og virðingu. Samfélagsgreinar eiga að hjálpa nemendum að bregðast við þeim áskorunum í umhverfinu og nærsamfélaginu sem þeir lenda í og efla skilning þeirra á ákveðnum grundvallargæðum mannlegs lífs. Það er gert með því að útskýra fyrir þeim margvíslegar skyldur, réttindi og gildi sem hluta af félagslegum og siðferðilegum veruleika okkar.

**Helstu markmið:**

Markmið samfélagsgreina er að nemendur tileinki sér þá hæfni sem byggir á því að setja sig í spor annarra og sjá fyrir sér afleiðingar gerða sinna fyrir sjálfan sig, umhverfið og þjóðfélagið í heild. Nemendur munu læra um höfuðborgina Reykjavík, sögu hennar og helstu kennileiti. Samgöngur og atvinnulíf, sjávarþorp og einkenni þeirra. Muninn á þéttbýliskjarna eftir stærð, þorp, bær, kaupstaður og borg.

**Hlekkur á aðalnámskra https:**

https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafli-24

**Námsgögn:**

Söguramminn „Reykjavík, höfuðborgin mín“ eftir Björgu Eiríksdóttur. Heimildir af neti og úr bókum ásamt myndum.

| Tímabil | Verkefni | Kennsluaðferðir | Tenging við lykilhæfni og hæfniviðmið |
|---|---|---|---|
| Ágúst til desember | Söguramminn „Höfuðborgin okkar“<br><br>Aðrar bækur sem tengjast námsefninu | Umræður<br><br>Rökræður<br><br>Hlustun | Rætt um samfélagið og nitað valin hugtök í því samhengi |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | Ritun<br><br>Hópavinna<br><br>Framsögn<br><br>Skapandi vinna<br><br>Upplýsingaöflun úr bókum og veraldarvefnum | bent á nokkrar mikilvægar stofnanir samfélagsins,<br><br>betnt á nokkrar mikilvægar stofnanir samfélagsins<br>aflað sér og nýtt vitneskju um samfélagsmálefni í námsgögnum og miðlum<br><br>tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahóp<br><br>sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra,<br><br>tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti |

**Námsmat:**

| |
|---|
| Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti. |

**Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.**